

LÖG

**um breytingu á lögum um félagslega aðstoð og
lögum um almannatryggingar (framfærsluuppbót og eingreiðsla).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Breyting á lögum um félagslega aðstoð,
nr. 99/2007.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „310.800 kr.“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 333.258 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „247.183 kr.“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 265.044 kr.
- c. Í stað orðanna „ekki skal telja til tekna 50% af fjárhæð aldurstengdrar örorkuuppbótar skv. 21. gr. laga um almannatryggingar“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: einungis skal telja til tekna 50% af fjárhæð aldurstengdrar örorkuuppbótar skv. 21. gr. laga um almannatryggingar og 95% af fjárhæð tekjutryggingar skv. 22. gr. sömu laga.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um almannatryggingar,
nr. 100/2007.**

2. gr.

Við lögini bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeir sem eiga rétt á greiðslu örorkulífeyrir skv. 18. gr., slysaörorkulífeyrir skv. 12. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015, eða endurhæfingarlífeyrir skv. 7. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, á árinu 2020 skulu fá eingreiðslu að fjárhæð 50.000 kr. Hafi lífeyrisþegi fengið greiddar bætur hluta úr ári skal eingreiðslan vera í hlutfalli við greiðsluréttindi hans á árinu. Eingreiðsla þessi, sem greiðist eigi síðar en 31. desember 2020, skal ekki teljast til tekna greiðsluþega og ekki leiða til skerðingar annarra greiðslna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast ákvæði 1. gr. gildi 1. janúar 2021.

Gjört á Bessastöðum, 9. desember 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Ásmundur Einar Daðason.